

Ríkisskattstjóri
 Ársreikningaskrá
 v.t. Halldór Pálsson
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík

21. júní 2016

Leiðrétting á ársreikningi Jarðborana hf. fyrir árið 2014

Þann 26. maí 2016 kvað ársreikningaskrá ríkisskattstjóra upp úrskurð á grundvelli 94. gr. b laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Í úrskurðinum er komist að þeirri niðurstöðu að í reikningsskilum Jarðborana hf. fyrir árið 2014 hafi verið veruleg skekkja, sem fólst í að inn á það ár var færð niðurfærsla lána og hlutafjárloforð sem ekki hafi átt að færa fyrr en á árinu 2015. Samkvæmt úrskurðinum ber Jarðborunum hf. að leiðrétta þessar færslur með því að leiðrétta samanburðartölur 2014 í ársreikningi 2015 og færa niðurfærslu lánanna og hlutafjárloforð á árinu 2015, í samræmi við ákvæði IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breyting í reikningshaldslegu mati og skekkjur, grein 42.

Jarðboranir hf. og endurskoðendur þess, PwC, eru ekki sammála úrskurði ársreikningaskrár og telja að ársreikningur félagsins fyrir árið 2014 hafi verið réttur og gefið glögga mynd af rekstri og stöðu félagsins. Eftir sem áður mun félagið una niðurstöðu ársreikningaskrár og fellst því á að gera breytingar á reikningsskilum Jarðborana hf. fyrir árið 2015 í samræmi við úrskurðinn. Jarðboranir hf. og PwC benda hins vegar á að þessar breytingar hafa ekki áhrif á efnahag félagsins og eigið fé í lok árs 2015.

Eftirfarandi liðir reikningsskila Jarðborana hf. fyrir árið 2014 breytast við þessa leiðréttingu á samanburðartölum ársins 2014 í reikningsskilum ársins 2015:

| Rekstrarreikningur | 2014 Eins og var | Leiðrétting | 2014 Leiðrétt |
|--|---------------------|----------------|------------------|
| Niðurfærsla skulda | 1.500.000 | (1.500.000) | 0 |
| Tekjuskattur..... | <u>(220.476)</u> | <u>300.000</u> | <u>79.524</u> |
| Hagnaður ársins | 277.720 | (1.200.000) | (922.280) |
| Yfirlit yfir heildarafkomu samstæðu | | | |
| Hagnaður | 277.720 | (1.200.000) | (922.280) |
| Þýðingarmunur erlendra starfsemi | <u>(130.254)</u> | <u>0</u> | <u>(130.254)</u> |
| Samtals heildarafkoma ársins | 147.466 | (1.200.000) | (1.052.534) |
| Skipting heildarafkomu | | | |
| Hluti hluthafa móðurfélagsins | 150.919 | (1.200.000) | (1.049.081) |
| Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga | <u>(3.453)</u> | <u>0</u> | <u>(3.453)</u> |
| | 147.466 | (1.200.000) | (1.052.534) |

Efnahagsreikningur

| | | | |
|--|------------------|--------------------|------------------|
| Frestaðar skattineignir | 22.429 | 300.000 | 322.429 |
| Hlutarfjárloforð | <u>300.000</u> | <u>(300.000)</u> | <u>0</u> |
| Eignir samtals | 6.373.334 | 0 | 6.373.334 |
| | | | |
| Hlutafrjárloforð | 300.000 | (300.000) | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | <u>833.222</u> | <u>(1.200.000)</u> | <u>(366.778)</u> |
| Eigið fé samtals | 2.781.223 | (1.500.000) | 1.281.223 |
| | | | |
| Langtímaskuldir | | | |
| Lántökur | 2.483.836 | 889.078 | 3.372.913 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Lántökur | <u>170.192</u> | <u>610.922</u> | <u>781.114</u> |
| Skuldir samtals | 3.592.111 | 1.500.000 | 4.154.028 |
| | | | |
| Skuldir og eigið fé samtals | 6.373.334 | 0 | 6.373.334 |

Niðurfærsla skulda og innborgað hlutafé eru færð í reikningsskil 2015 þannig að ofangreind leiðrétting á uppgjöri ársins 2014 hefur engin áhrif á stöðu lána eða eigið fé í árslok 2015.

F.h. Jarðborana hf.

F.h. PricewaterhouseCoopers ehf.


Ólafur Þór Jóhannesson
Formaður stjórnar


Sighvatur Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi